

Nr. 20-121 S 086 Dísá***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2815
IMO 7013733
Smiðaður: Danmörk 1968, stál
Stærð: 623 brt
Mesta lengd: 58,10 m *Skráð lengd:* 52,75 m
Breidd: 10,3 m *Dýpt:* 4 m
Vél: M.A.K. 625 kW, 1968
Fjöldi skipverja: 5



Dísá©Hilmar Snorrason

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 26. febrúar 2021 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 14. nóvember 2020 var dýpkunarskipið Dísá við vinnu í Landeyjarhöfn. Veður: Hægviðri.

Skipverji var að taka pott með sjóðandi vatni af eldavél og rak hann í borðbrún með þeim afleiðingum að vatn fór yfir hægri handlegg skipverjans. Siglt var með slasaða til Vestmannaeyja og honum komið á sjúkrahús.

Við rannsókn kom fram:

- að í pottinum voru um tveir lítrar af sjóðandi heitu vatni;
- að slasaði brenndist frá fingrum og upp fyrir olnboga.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.